



VEIÐIVÖTN Í RANGÁRÞINGI YTRA

Þjónustusvæði við Tjaldvatn - deiliskipulagsbreyting

21.09.2023



Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárpings ytra þann _____

f.h. Rangárpings ytra

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

103550-01-DSKBR-001-V02

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.1.1	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	4
2.2	Fornminjar	5
3	DEILISKIPULAGSBREYTING	5
3.1	Breytingar á uppdrætti	5
3.2	Breytingar á greinargerð	5
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	6
4.1	Niðurstaða	7
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	7
5.1	Skipulagsferli	7

1 INNGANGUR

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Veiðivötn í Rangárþingi ytra. Í gildandi skipulagi er heimild fyrir byggingu þriggja nýrra skála fyrir gesti norðaustan við Hestagíg. Staðsetningin þykir ekki heppileg og eru þeir færðir vestur fyrir Hestagíg. Þá verður bætt við nýjum skála fyrir starfsfólk. Mikil aðsókn veiðimanna er á svæðið og eru skálar fullbókaðir þann tíma sem heimilt er að veiða í vötnum á svæðinu. Skálar eru einnig vel nýttir af jeppa- og vélsleðafólki á veturna. Mannvirki eru í eigu Veiðifélags Landmannaafreittar. Svæðið sem breytingin nær yfir er um 1,5 ha.

Deiliskipulag fyrir Veiðivötn var staðfest í B-deild Stjórnartíðinda í júní 2011. Gerð hefur verið ein breyting á skipulaginu. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra deiliskipulags með síðari breytingum.

1.1 Skipulagsgögn

- Deiliskipulagsuppdráttur sem sýnir gildandi og breytt deiliskipulag, mkv. 1:2.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Mikil aðsókn veiðimanna er í Veiðivötn yfir sumartímamann og fram á haust. Núverandi aðstaða fyrir starfsfólk er orðin of lítil og er stefnt að byggingu nýs húss til að bæta úr því. Þá er verið að færa hús sem eru í gildandi deiliskipulagi því staðsetning þeirra þykir ekki heppileg. Skjólsælla er vestan við Hestagíg og verið er að færa skálana nær núverandi skálum og minnka það svæði sem verður fyrir raski og áhrifum af mannvirkjum.

Veiðivatnasvæðið er í heild skilgreint sem náttúruverndarsvæði (N707) vegna sérstæðrar náttúru. Þar eru gosminjar, gígaraðir og hraun. Fjöldi lífauðugra vatna, eitt best varðveitta vatnasvæði hálendisins. Mikil lindasvæði. Gróðurvinjar og fjölbreytt fuglalíf. Við Tjaldvatn er votlendi sem ber að gæta sérstaklega að. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdir rýri verndargildi svæðisins.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Veiðivatnasvæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi. Stefna í aðalskipulagi er eftirfarandi:

- Efla skal þjónustu við ferðamenn allt árið.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítils viðhalds.
- Gerð er krafa um vandaðan frágang og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.

TAFLA 1. Afþreyingar- og ferðamannasvæði í gildandi aðalskipulagi.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	FJÖLDI GISTIPLÁSSA	FJÖLDI GISTIPLÁSSA HEIMILD
AF12	Tjaldvatn/Veiðivatnasvæði	Skálasvæði á afrétti. Á staðnum eru 16 gistiskálar með gistaðstöðu fyrir um 150 manns. Á svæðinu er enn fremur þjónustuhús, miðstöð veiðimanna og vélaskemma. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir þremur gistiskálum fyrir veiðimenn til viðbótar. Gisting verði fyrir allt að 200 gesti. Svæðið er rafvætt. Stærð svæðis er um 23 ha.	150	200

Breytt deiliskipulag er í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi.

2.2 Fornminjar

Nokkrar þekktar minjar eru á svæðinu en engar innan þess svæðis sem deiliskipulagsbreytingin nær yfir.

Ef finnast áður óþekktar fornminjar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal hafa samband við Minjastofnun og framkvæmd stöðvúð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi framkvæmdum áfram og með hvaða skilmálum.

3 DEILISKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð.

3.1 Breytingar á uppdrætti

Svæði sem merkt er A er stækkað til vesturs. Svæði sem merkt er B er fært vestur fyrir Hestagíg, nýr aðkomuvegur er gerður að því og vegur sem var að svæðinu felldur út.

3.2 Breytingar á greinargerð

Gerð er breyting á kafla 4.4. um *Byggingar og tjaldsvæði*, þ.e. skilmála sem eiga við um svæði A. Skilmálar fyrir svæði B breytast ekki.

Texti í gildandi skipulagi:

- A. Undir Hestagíg er þjónustumiðstöðin Varðberg sem þjónustar skálasvæðið við Tjaldvatn og Veiðivatnasvæðið í heild. Í Varðbergi er einnig íbúð veiðivarða. Í þjónustumiðstöðinni eru fólki veittar upplýsingar og seld veiðileyfi. Framan við þjónustumiðstöðina eru bílastæði og þar er einnig flökunaraðstaða sem nýtist veiðimönnum til að flaka og ganga frá þeim afla sem þeir

veiða. Austan við Hestagíg og í tengslum við Varðberg er gert ráð fyrir að byggja allt að 200 m² skemmu sem notuð verður fyrir vélar og tæki. Enn fremur er gert ráð fyrir að norðurhluti skemmunnar geti nýst sem vistarverur fyrir starfsmenn. Mænisstefna skemmunnar verður samsíða gígaröðinni og sú sama og Varðbergs. Skemman verður felld að landslagi og mænishæð getur verið allt að 6 m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsið. Austan við Hestagíg er starfsmannahús sem gert er ráð fyrir að verði flutt í burtu.

Texti í breyttu skipulagi:

- A.** Undir Hestagíg er þjónustumiðstöðin Varðberg sem þjónustar skálasvæðið við Tjaldvatn og Veiðivatnasvæðið í heild. Í Varðbergi er einnig íbúð veiðivarða. Í þjónustumiðstöðinni er fólki veittar upplýsingar og seld veiðileyfi. Framan við þjónustumiðstöðina eru bílastæði og þar er einnig flökunaraðstaða sem nýtist veiðimönnum til að flaka og ganga frá þeim afla sem þeir veiða. Austan við Hestagíg og í tengslum við Varðberg er um 200 m² skemma sem notuð er fyrir vélar og tæki. Enn fremur er gert ráð fyrir að norðurhluti skemmunnar geti nýst sem vistarverur fyrir starfsmenn. Mænisstefna skemmunnar er samsíða gígaröðinni og sú sama og Varðbergs. Mænishæð er allt að 6 m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsið. Austan við Hestagíg er starfsmannahús sem gert er ráð fyrir að verði flutt í burtu. Vestan við Varðberg er heimilt að byggja allt að 80 m² hús fyrir starfsfólk. Húsið verður byggt í sama stíl og önnur hús á svæðinu og velja skal sömu liti á veggum og þak. Mænisstefna skal vera sú sama og húsum á svæði A. Mænishæð getur verið allt að 5 m.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við breytingar á deiliskipulagi skal, skv. gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á umhverfispætti, eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi og er stefna í breyttu deiliskipulagi í samræmi við það. Því er einungis gerð grein fyrir líklegum áhrifum af breytingunni, en ekki bornir saman valkostir. Lagt er mat á hvort áhrifin eru talin jákvæð, óveruleg, neikvæð eða óviss.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Skálasvæðið er í lægð í landinu og þar er fyrir nokkur fjöldi skála. Með breytingunni er leitast við að minnka það svæði þar sem mannvirki eru.

Áhrif á gróður eru óveruleg. Svæði fyrir nýjar byggingar er lítt gróið.

Áhrif á ásýnd eru óveruleg. Þó bætt sé við einu húsi til viðbótar frá gildandi skipulagi þá hefur það óveruleg áhrif því nokkur fjöldi húsa er fyrir á staðnum.

Áhrif á minjar eru engar. Engar þekktar minjar eru innan þess svæðis sem breytingin nær yfir.

4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni enda er verið að efla núverandi þjónustu á svæðinu. Mannvirki í Veiðivötnum eru byggð í sama stíl og sami litur er á veggjum og þökum. Stefnan er í samræmi við skilmála í aðalskipulagi.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 43. gr. skipulagslaga. Óskað verður eftir umsögnum um breytinguna frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Vegagerðinni

5.1 Skipulagsferli

